Borgarstjórn

Reykjavík, 16. október 2026
MSS26080081

Hér með sendist útskrift úr fundargerð forsætisnefndar frá 16.10.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Samþykkt fyrir notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráðs

Lögð fram tillaga að nýrri samþykkt notendaráðs fatlaðs fólks og öldungaráðs Reykjavíkurborgar ásamt bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 12. október 2026, þar sem teknar eru saman athugasemdir ÖBÍ réttindasamtaka, Þroskahjálpar og Geðhjálpar og NPA miðstöðvarinnar um tillöguna, ásamt fylgiskjölum.

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Vinstrisins og áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands við samþykktina:

> Lagt er til að eftirfarandi í 5. gr.: „Notendaráð fatlaðs fólks: ÖBÍ réttindasamtök, Þroskahjálp og Geðhjálp tilnefna hvert sinn fulltrúa og einn til vara og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.“ verði svohljóðandi: „Notendaráð fatlaðs fólks: ÖBÍ réttindasamtök, Þroskahjálp, NPA miðstöðin og Geðhjálp tilnefna hvert sinn fulltrúa og einn til vara og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.“

Greinargerð fylgir breytingartillögunni.
Breytingartillagan er felld með þremur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins gegn tveimur atkvæðum Samfylkingarinnar og Vinstrisins.
Samþykkt að vísa samþykktinni til borgarstjórnar með fjórum atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins, Viðreisnar og Samfylkingarinnar gegn einu atkvæði fulltrúa Vinstrisins.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

> Meirihluti DCB samþykkir hér samþykktir fyrir notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráðs í samræmi við 2. mgr. 42. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem kveðið er á um að í ráðinu skuli sitja þrír fulltrúar tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Lagt er til að landssamtökin ÖBÍ, Þroskahjálp og Geðhjálp verði fulltrúar fatlaðs fólks. Athugasemdir frá NPA miðstöðinni eru meðteknar og í störfum ráðsins verður litið til þess að fulltrúar NPA miðstöðvarinnar verði kallaðir til þegar tilefni er til.

Fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstrisins ásamt áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sósíalistaflokks Íslands, Vinstrisins og Samfylkingarinnar harma að breytingartillagan sem tryggði NPA miðstöðinni fasta fundarsetu hafi verið felld. NPA miðstöðin var með fasta setu undir fyrirkomulagi mannréttindaráðs og lögðu þau sannarlega sitt af mörkunum þar bæði í málefnum sem varða NPA en líka öðrum hagsmunamálum fatlaðs fólks s.s. umfjöllun um aðgengismál, borgarumhverfi og samgöngur, skólamál og almenna stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks eins og fram kemur í ítarlegri umsögn NPA miðstöðvarinnar. Miðstöðin er mikilvægt samvinnufélag fatlaðs fólks á Íslandi og hefur ríka innsýn í málaflokk fatlaðs fólks og hugmyndafræðina um sjálfstætt líf. Mikilvægt er að þegar ráðið starfar undir formerkjum notendaráðs fatlaðs fólks að notendur þjónustunnar hafi þar raunverulega rödd.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:
Tillaga að nýrri samþykkt notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar
Umsögn NPA-miðstöðvarinnar dags. 5. október 2026
Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálp dags. 1. október 2026
Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka dags. 30. september 2026
Umsögn Landssamtakanna Geðhjálp dags. 13. október 2026

Samþykkt fyrir notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar

Umboð

1. gr.

Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 með síðari breytingum og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með hlutverk öldungaráðs Reykjavíkurborgar samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 6. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og eftir því sem lög mæla fyrir um, einnig með hlutverk samráðshóps um málefni fatlaðs fólks samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Verksvið

2. gr.

Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar skal sem;

A. Öldungaráð Reykjavíkurborgar vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni sem snúa að mannréttindum, jafnrétti og samfélagsþátttöku borgarbúa sem eru 67 ára og eldri. Ennfremur til ráðgjafar við mótun allrar þjónustu borgarinnar sem snýr að borgarbúum sem eru 67 ára og eldri og almennt um málefni og hagsmuni hópsins. Ráðið komi að mótun málaflokka sem tengjast þjónustu við eldra fólk og gerir tillögur til fagráða Reykjavíkurborgar sem varða verksvið þess. Ráðið skal hafa frumkvæði að verkefnum sem stuðla að bættri þjónustu við borgarbúa sem eru 67 ára og eldri.

B. Notendaráð fatlaðs fólks Reykjavíkurborgar vera borgarstjórn og nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni fatlaðs fólks sem snúa að mannréttindum, jafnrétti og samfélagsþátttöku fatlaðs fólks. Ennfremur til ráðgjafar og við mótun allrar þjónustu borgarinnar sem snýr að fötluðu fólki og eftir atvikum öðrum hagsmunamálum fatlaðs fólks. Ráðið kemur að mótun stefnu í aðgengismálum og málaflokkum er tengjast þjónustu við fatlað fólk, tekur ákvarðanir og gerir tillögur til fagráða Reykjavíkurborgar sem varða verksvið hennar. Ráðið skal hafa frumkvæði að verkefnum sem stuðla að bættri þjónustu við fatlað fólk og bættu aðgengi fatlaðs fólks í samræmi við stefnu í aðgengismálum og fjárheimildir ráðsins hverju sinni.

Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verksvið þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður. Velferðarsvið annast framkvæmd stefnu og verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar.

3. gr.

Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar er vettvangur samráðs borgarbúa sem eru 67 ára og eldri og fatlaðs fólks, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og borgaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokkanna. Ráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflokkunum og stuðlar, í samstarfi við stofnanir Reykjavíkurborgar, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu borgarstofnana til borgarbúa sem eru 67 ára og eldri og fatlaðs fólks.

4. gr.

Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

Skipan

5. gr.

Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar er skipað sjö fulltrúum, þrír fulltrúar eru kosnir af borgarstjórn og jafnmargir til vara.

Öldungaráð: Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni tilnefnir þrjá fulltrúa og þrjá til vara og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara þegar ráðið fjallar um málefni aldraðra og fer með hlutverk öldungaráðs.

Notendaráð fatlaðs fólks: ÖBÍ réttindasamtök, Landssamtökin Þroskahjálp og Geðhjálp tilnefna hvert sinn fulltrúa og einn til vara og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara. Þegar ráðið fjallar um málefni fatlaðs fólks eiga þeir fulltrúar jafnframt sæti í ráðinu.

Allir tilnefningaraðilar skulu fara að ákvæðum 2. mgr. 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Borgarstjórn kýs formann ráðsins en ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka eða verkefni í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður notendaráðs fatlaðs fólks og öldungaráðs Reykjavíkurborgar er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum. Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar er vistað hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins.

Formaður notendaráðs fatlaðs fólks og öldungaráðs Reykjavíkurborgar er heimilt að taka sæti á fundum velferðarráðs undir þeim liðum sem tengjast verkefnum ráðsins.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar fundar að jafnaði mánaðarlega og að lágmarki ársfjórðungslega þ.m.t. opinn fund árlega. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við fulltrúa velferðarsviðs og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. fimm sólarhringa fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 eftir því sem við á. Fulltrúar velferðarsviðs sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs ber ábyrgð á að tekin verði til umfjöllunar á vettvangi ráðsins þegar það fjallar um málefni fatlaðs fólks öll mál er snúa að aðgengishönnun og framfylgd samþykkta ráðsins sem snúa að framkvæmdum í aðgengismálum. Fulltrúar velferðarsviðs bera ábyrgð á að tekin verði til umfjöllunar á vettvangi ráðsins öll mál sem varða breytingar á þjónustu við fatlað fólk og eldra fólk, stefnumótun og framfylgd stefnu

málaflokkanna í Reykjavík. Sviðsstjórar annarra fagsviða bera ábyrgð á að öll mál er varða þjónustu við fatlað fólk í m.a. skóla-, menningar-, íþrótta- og frístundastarfi verði tekin til umfjöllunar á vettvangi ráðsins.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstaka fundarmönnum. Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar um fundargerðir nefnda og ráða Reykjavíkurborgar.

Velferðarsvið sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum eftir því sem við á.

Samráð

9. gr.

Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Ráðið skal leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til. Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun. Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar ber að halda a.m.k. einn opinn fund á ári.

Málsmeðferð

10. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna. Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu öldungaráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal ráðið taka málið upp að nýju. Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi eldri ákvæði í samþykkt mannréttindaráðs varðandi verkefni öldungaráðs og notendaráð fatlaðs fólks frá 18. mars 2025.

Samþykkt í borgarstjórn
XX. október 2026

NPA MIÐSTÖÐIN
Urðarhvarf 8
203 Kópavogur
+354 5678270

Forsætisnefnd Reykjavíkurborgar
Mál: MSS26080081
Ráðhúsið
101 Reykjavík

Kópavogur, 5. október 2026

Varðar: Umsögn um drög að samþykkt fyrir notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar

NPA miðstöðin gerir alvarlegar athugasemdir við að í fyrirliggjandi drögum að nýrri samþykkt fyrir notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð er sjálfstæð aðkoma NPA miðstöðvarinnar felld niður. Í samþykkt mannréttindaráðs frá 2025 tilnefnir NPA miðstöðin einn fulltrúa og einn til vara þegar fjallað er um málefni fatlaðs fólks. Í nýju drögunum er miðstöðin ekki lengur tilnefningaraðili.

NPA miðstöðin leggur til að þessu verði breytt áður en samþykktin verður afgreidd og að sjálfstæður tilnefningarréttur miðstöðvarinnar verði áfram tryggður, með einum fulltrúa og einum til vara.

Rétt er að benda á að NPA miðstöðin er eina samvinnufélag fatlaðs fólks á Íslandi og að félaginu stendur um helmingur alls fatlaðs fólks á landinu sem er með notendastýrða persónulega aðstoð. Brýnt er að rödd þeirra sem hafa jafn mikilvæga innsýn inn í hugmyndafræðina um sjálfstætt líf og sjálfstætt líf fatlaðs fólks í framkvæmd hafi sæti við borðið þegar ákvarðanir eru teknar um hagsmuni þess. Með brottfalli NPA miðstöðvarinnar úr samráðinu er verið að draga úr gæðum samráðsins og fjölbreytni þess.

1. Engin ástæða fyrir breytingunni
Í samþykkt mannréttindaráðs frá 2025 áttu ÖBÍ réttindasamtök, Þroskahjálp og NPA miðstöðin sjálfstæða aðkomu þegar ráðið fjallaði um málefni fatlaðs fólks. NPA tilnefndi einn fulltrúa og einn til vara. Þar var jafnframt sérstaklega kveðið á um að fulltrúar hagsmunasamtaka væru notendur þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík.

Í nýju drögunum eiga ÖBÍ, Þroskahjálp og Geðhjálp hvert einn fulltrúa, auk fulltrúa Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og þriggja borgarkjörinna fulltrúa. NPA miðstöðin fellur út. Skilyrðið um beina reynslu fulltrúa af þjónustu borgarinnar fellur einnig út.

NPA miðstöðin gerir ekki athugasemd við að Geðhjálp fái sjálfstæða aðkomu. Þvert á móti er fjölbreytni sjálfstæðra samtaka fatlaðs fólks styrkur. Það er hins vegar engin efnisleg ástæða til þess að bæta einni sjálfstæðri notendarödd við með því að fella aðra út. Sama gildir um Heilsugæsluna. Þekking heilbrigðiskerfisins getur verið gagnleg í ráðinu. En fulltrúi

heilbrigðisstofnunar er ekki fulltrúi fatlaðs fólks. Kerfisþekking og notendaþekking eru ekki sama tegund þekkingar og önnur getur ekki komið í stað hinnar.

2. Það sem hverfur úr ráðinu án aðkomu NPA miðstöðvarinnar

NPA miðstöðin er ekki aðeins umsýsluaðili NPA samninga. Hún er hagsmunafélag fatlaðs fólks, vettvangur jafningjastuðnings og réttindabaráttu og notendastýrð miðstöð sem byggir starf sitt á hugmyndafræði sjálfstæðs lífs.

Samkvæmt samþykktum miðstöðvarinnar er tilgangur hennar að styðja fatlað fólk við að útvega og skipuleggja persónulega aðstoð, berjast fyrir innleiðingu hugmyndafræði sjálfstæðs lífs og tryggja að fatlað fólk hafi stjórn á því hver veitir aðstoð, hvar, hvernig, hvenær og við hvað. Félagið er alfarið í eigu og undir stjórn fatlaðs fólks, þ.e. félagsfólks miðstöðvarinnar.

Þetta skiptir máli. Innan hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf er ekki gengið út frá því að stjórnsýslan, fagfólk eða þjónustukerfið viti sjálfkrafa hvað fötluðu fólki er fyrir bestu. Fatlað fólk eru sérfræðingar í eigin lífi og þarf að hafa raunverulegt vald yfir þeirri aðstoð og þjónustu sem gerir samfélagsþátttöku mögulega.

NPA miðstöðin er fullgildur meðlimur í Evrópusamtökum um sjálfstætt líf (e. European Network on Independent Living, ENIL). ENIL lýsir miðstöðvum um sjálfstætt líf sem notendastýrðum samtökum undir stjórn fatlaðs fólks, sem tengja saman persónulega aðstoð, jafningjastuðning, þekkingu, réttindastarf og vinnu að þátttöku í samfélaginu. NPA miðstöðin gegnir hér á landi þessu hlutverki að verulegu leyti. Hún sameinar notendastýringu, jafningjaþekkingu, persónulega aðstoð, réttindagæslu og alþjóðlegt samstarf.

Það sem kemur inn í samráðið í gegnum NPA miðstöðina er því ekki aðeins afstaða til eins tiltekins þjónustuforms, eða NPA. Þar kemur reynsla fólks sem þarf á aðstoð að halda til að lifa eigin lífi og þekking á því hvernig reglur sveitarfélaga virka þegar þær mæta raunverulegu daglegu lífi.

Engin ein samtök tala fyrir allt fatlað fólk. Það er einmitt ástæða þess að fjölbreytni sjálfstæðra radda skiptir máli. Regnhlífarsamtök, samtök ákveðinna hópa og notendastýrð félög um sjálfstætt líf hafa ólík umboð og ólíka reynslu. Gott samráð byggist á því að þessar raddir geti komið sjálfstætt að borðinu, líka þegar þær eru ekki sammála.

3. Sætið hefur verið notað

Sjálfstæð aðkoma NPA miðstöðvarinnar hefur ekki verið táknræn í notendaráðinu. Fulltrúi miðstöðvarinnar hefur setið reglulega fundi samráðsvettvangs borgarinnar og tekið virkan þátt í fjölbreyttum málum sem snerta réttindi fatlaðs fólks. Fundargerðir Reykjavíkurborgar sýna að aðkoman hefur náð langt út fyrir umræðu um NPA. Fulltrúi NPA miðstöðvarinnar hefur tekið þátt í vinnu og umræðu um meðal annars aðgengi að borgarumhverfi og almenningssamgöngum, stafræna þjónustu, skóla- og þjónustumál, upplýsingagjöf, aðgengisáætlanir og almenna stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks.

Sjónarhornið sem NPA miðstöðin hefur fært inn í þessa vinnu tengir saman aðgengi, þjónustu og samfélagsþátttöku. Aðgengileg bygging skilar litlu ef manneskja fær ekki þá aðstoð sem hún þarf til að komast þangað. Persónuleg aðstoð skilar heldur ekki fullri þátttöku ef samgöngur, upplýsingar eða borgarumhverfi eru óaðgengileg. Réttindi verða ekki raunveruleg fyrr en þau virka saman í daglegu lífi.

Fulltrúi NPA miðstöðvarinnar hefur haft mikið til málanna að leggja í þessari vinnu. Sætið hefur verið notað til að koma með efnisleg sjónarmið, tengja saman málaflokka og minna á að markmið þjónustunnar er ekki að halda kerfi gangandi heldur að gera fólki kleift að lifa eigin lífi og taka þátt í samfélaginu til jafns við aðra.

4. Skortur á samtali um að fella niður aðkomu NPA miðstöðvarinnar að notendaráðinu
Ekki var óskað eftir áliti frá NPA miðstöðinni áður en sjálfstæður tilnefningarréttur hennar var felldur út úr drögunum. Þegar forsætisnefnd fjallaði um endanleg drög þann 22. september 2026 var þeim vísað til umsagnar öldungaráðs, ÖBÍ réttindasamtaka, Þroskahjálpar og Geðhjálpar. NPA miðstöðin, sem samkvæmt drögunum á að missa sjálfstæða aðkomu sína, var ekki meðal umsagnaraðila.

Í 3. mgr. 4. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er kveðið á um náið samráð við og virka þátttöku fatlaðs fólks fyrir milligöngu samtaka þess þegar teknar eru ákvarðanir sem það varðar. Almenn athugasemd nr. 7 við samninginn leggur áherslu á að slík þátttaka þurfi að eiga sér stað tímanlega, þegar enn er raunverulegt svigrúm til áhrifa.

Samráð sem hefst eftir að sjálfstæð aðkoma viðkomandi samtaka hefur þegar verið tekin út úr endanlegum drögum er ekki það sama og þátttaka við mótun breytingarinnar. Að senda drögin til þeirra samtaka sem eftir eiga að sitja við borðið bætir ekki úr því að aðilar sem eiga að hverfa þaðan voru ekki höfð með í ráðum um þá breytingu.

Þetta stangast líka illa á við þá nálgun sem Reykjavíkurborg sjálf setti fram í samþykkt mannréttindaráðs árið 2025, þar sem gert var ráð fyrir að aðkoma og umfjöllun um málefni fatlaðs fólks ætti sér stað á öllum stigum vinnunnar: við upphaf, vinnslu og lok.

5. Notendaráð þarf að vera raunverulegur vettvangur fyrir beint fyrirsvar fatlaðs fólks
Samkvæmt 42. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga skal starfa formlegur samráðsvettvangur þar sem að lágmarki sitja þrír fulltrúar sveitarstjórnar og þrír fulltrúar tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Nýju drögin geta uppfyllt þetta tölulega lágmark, en lágmarkið þarf ekki að vera markmið borgarinnar.

Markmið notendaráðsins er að fatlað fólk hafi raunveruleg áhrif á skipulag, framkvæmd og þróun þjónustu og önnur mál sem varða líf þess. Sú áhersla kemur einnig fram í 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í sjö manna ráðinu samkvæmt drögunum eru aðeins þrjú sæti tilnefnd beint af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Hin fjögur eru þrír borgarkjörnir fulltrúar og fulltrúi Heilsugæslunnar.

NPA miðstöðin telur hættu á að notendaráðið verði þannig fjær notendum einmitt þegar það á að verða helsti formlegi vettvangur þeirra til áhrifa, nái breytingin fram að ganga. Einnig telur NPA miðstöðin rétt að benda á að fólk sem bíður eftir þjónustu eða hefur verið útilokað frá þjónustu fái rödd í samráði við borgina. Aðeins bein reynsla fatlaðs fólks og beint fyrirsvar þess í notendaráði er raunverulega nauðsynleg til þess að markmiðum samráðsins sé náð og ekki má ganga út frá því að stofnanir eða fagfólk geti komið í stað þeirrar reynslu.

6. Tillaga NPA miðstöðvarinnar
NPA miðstöðin leggur til að 5. gr. draganna verði breytt þannig að NPA miðstöðin tilnefni áfram einn fulltrúa og einn til vara þegar ráðið gegnir hlutverki notendaráðs fatlaðs fólks.

Ef markmiðið er að halda sjö atkvæðisbærum fulltrúum er einföld leið að hafa þrjá borgarkjörna fulltrúa og fjóra fulltrúa samtaka fatlaðs fólks: einn frá ÖBÍ réttindasamtökum, einn frá Þroskahjálp, einn frá Geðhjálp og einn frá NPA miðstöðinni. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins geti haft fasta ráðgefandi aðkomu með málfrelsi og tillögurétti þegar fjallað er um málefni fatlaðs fólks. Telji borgin nauðsynlegt að fulltrúi Heilsugæslunnar hafi atkvæðisrétt er önnur einföld leið að hafa átta fulltrúa í stað þess að fjarlægja fulltrúa samvinnufélags fatlaðs fólks.

Að lokum verði NPA miðstöðin höfð með í allri frekari meðferð þessara draga áður en þau eru samþykkt.

Ekkert um okkur án okkar.

Virðingarfyllst,
fh. NPA miðstöðvarinnar

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson,
formaður

Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um samþykkt fyrir notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar.

1. október 2026

Landssamtökin Þroskahjálp eru heildarsamtök fatlaðs fólks, sem vinna sérstaklega að réttinda- og hagsmunamálum fólks með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir og einhverfs fólks og allra fatlaðra barna og aðstandenda þeirra. Samtökin byggja stefnu sína og starfsemi á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, barnasáttmála SÞ og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að framfylgja, sem og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, sem hafa það meginmarkmið *að skilja engan eftir*.

Landssamtökin Þroskahjálp þakka fyrir að hafa fengið samþykktina til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri varðandi hana.

Fatlað fólk er á öllum aldri og aðstæður, þarfir og réttindi fatlaðs fólks og borgarbúa 67 ára og eldri eru mjög ólíkar á mjög mörgum sviðum. Sérstaklega er kveðið er á um réttindi fatlaðs fólks og skyldur sveitarfélaga gagnvart því í lögum og reglum varðandi grunnskóla og leikskóla, í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og reglum, sem settar eru á grundvelli þeirra laga og síðast en ekki síst í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og lögum nr. 80/2025 um samninginn. Ákvæði þessara laga og reglna og samnings SÞ eiga ekki við um ófatlaða borgarbúa 67 ára og eldri.

Landssamtökin Þroskahjálp fá því alls ekki séð að það sé í þágu fatlaðs fólks í Reykjavík og borgarbúa 67 ára og eldri að um mannréttindi þeirra, jafnrétti og samfélagsþátttöku sé fjallað á sama vettvangi, eins og gert er ráð fyrir í samþykktinni, sem hér er til umsagnar eða að önnur málefnaleg rök styðji það fyrirkomulag.

Með vísan til þess sem að framan segir hvetja samtökin Reykjavíkurborg mjög eindregið til að samþykkja og hafa það fyrirkomulag, að um málefni, sem snúa að mannréttindum,

jafnrétti og samfélagsþátttöku fatlaðs fólks, verði fjallað í sérstöku ráði og um málefni borgarbúa 67 ára og eldri verði fjallað í öðru ráði.

Virðingarfyllst.

Guðmundur Ármann Pétursson, formaður Landssamtakanna Þroskahjálapr

Forsætisnefnd
Reykjavíkurborg

Reykjavík, 30. september 2026

Efni: Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka um notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráðs

ÖBÍ réttindasamtök þakka fyrir tækifæri til þess að koma að athugasemdum sínum um nýsamþykkt notendaráðs fatlaðs fólks og öldungaráðs.

Almennt

Líkt og fram kemur í 1. gr. samþykkta sem hér er til umsagnar er um lögbundna skyldu sveitarfélaga að ræða. Notendaráð fatlaðs fólks er sprottið upp úr hugmyndafræði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF/samningurinn). Samningurinn var lögfestur í nóvember 2025 og tók gildi 1. janúar 2026 með lögum nr. 80/2025.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpi til laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 eiga þau ríka stoð í SRFF og er þar sérstaklega vísað til markmiðsákvæðis 1. gr. og svo 3. gr. um skilgreiningar. Þá var lögunum ætlað að vera hluti af innleiðingarferli samningsins í íslensk lög.

Með lögum um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum (innleiðing samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, stjórnsýsla og húsnæðismál) var jafnframt stigið skref í innleiðingu á ákvæðum samningsins. Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um samráð og samráðsnefndir hvar sérstök notendaráð fyrir einstaka hópa notenda eru virkjaðir með valdeflingu að leiðarljósi, og að fólk verði þannig virkir þátttakendur í mótun á þeim úrræðum og þjónustu sem því stendur til boða. Notendaráðin voru svo í kjölfar samþykktra lagabreytinga lögfest í þeim tilgangi að virkja notendur hvar þeirra sjónarmið og reynsla nýtast í allri stefnumótun og ákvörðunartöku. Í þessari vinnu var m.a. litið til almennra athugasemda nr. 7 (e. General comments no 7) sérfræðinefndar SRFF, en athugasemdinni er ætlað að skýra m.a. 4. mgr. 3. gr. SRFF.

Í almennu athugasemdinni segir að fatlað fólk hafi tekið fullan þátt í samningaviðræðum, þróun og drögum að samningnum og gegnt lykilhlutverki. Náið samráð og virk þátttaka fatlaðs fólks hafði jákvæð áhrif á gerð og vinnu samningsins og mikilvægi hans. Þá segir að virk og upplýst þátttaka í ákvörðunum sem varða líf þeirra, s.s. þjónustu og réttindi tryggi betri stjórnunarhætti og samfélagslega ábyrgð. Staðreyndin er sú að fatlað fólk mætir enn verulegum hindrunum hvort sem um ræðir viðhorf, aðgengi, lagasetningu, efnahag eða samskipti sem standa í vegi fyrir þátttöku þess í samfélaginu. Áður en samningurinn tók gildi var gjarnan litið fram hjá sjónarmiðum og reynslu fatlaðs fólks sem gat haft alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Orðasambandið „varðandi málefni fatlaðs fólks“, eins og vísað er til í 3. mgr. 4. gr. SRFF nær yfir allt svið löggjafar-, stjórnsýslu- og annarra mála sem geta haft bein eða óbein áhrif á réttindi fatlaðs fólks. Það tryggir að þekking og reynsla fatlaðs fólks sé tekin til greina þegar kemur til kasta lagasetningar, stefnumótunar og annarra stjórnsýslulegra ráðstafana sem varða samfélagið almennt.

Að þessu sögðu ítrekar ÖBÍ mikilvægi þess að fatlað fólk geti notað þann vettvang sem notendaráðum er ætlað, að koma áleiðis sjónarmiðum, reynslu og þekkingu.

Athugasemdir við samþykkt fyrir notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar

ÖBÍ gerir athugasemdir við að notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar verði sameiginlegur vettvangur. Þó að vissulega séu sameiginlegir hagsmunir fyrir hendi þá eiga þeir jafnframt við allt samfélagið, líkt og aðgengi og algilda hönnun. Fatlað fólk er fólk á öllum aldri og er langt frá því að vera einsleitur hópur.

ÖBÍ lítur svo á að með því að hafa vettvanginn sameiginlega skapist sú hætta á að hagsmunir verði undir, en margt ólíkt er með báðum hópum og flest þeirra sem hafa setið í notendaráði fatlaðs fólks eru undir 67 ára.

Þarfir þessara hópa geta verið mjög ólíkar og því eiga málefni þeirra ekki endilega samleið. Stór hluti fólks sem málefni notendaráðsins lúta að varðar ungt fólk sem er að hefja lífið svo sem nám, er að stofna fjölskyldur, er með börn í leikskólum eða skólum og er að stíga fyrstu skrefin á vinnumarkaði og svo framvegis. Þessi mál eiga litla samleið með málefnum eldra fólks. ÖBÍ óttast að með því að hafa eitt "ráð" verði ekki hægt að gefa málefnum beggja hópa nægilegt vægi. Þá má segja að með því að hafa þennan mikilvæga vettvang sameiginlegan sé ákveðið afturhvarf í hugmyndafræði sem ali á gamalli staðalímynd um að fatlað fólk sé einsleitur hópur sem tilheyri ekki samfélagi ungs fólks. Hagsmunir fatlaðs fólks eiga við um allt samfélagið, farsæld barna, deiliskipulag, félagsmiðstöðvar, gatnagerð, þátttöku á vinnumarkaði og í námi, þó svo að vissulega þurfi margt fatlað fólk stuðning til þess.

ÖBÍ óskar eftir því að forsætisnefnd Reykjavíkurborgar endurskoði samþykktir þessar með það í huga að hóparnir geti starfað hver í sínu lagi með hagsmuni þeirra að leiðarljósi.

Virðingarfyllst,

Alma Ýr Ingólfsdóttir

Alma Ýr Ingólfsdóttir,
Formaður ÖBÍ réttindasamtaka

Stefán Vilbergsson

Stefán Vilbergsson,
Verkefnastjóri ÖBÍ réttindasamtaka

GEÐHJÁLP

Reykjavík 13. október 2026

Umsögn landssamtakanna Geðhjálpar um samþykkt fyrir notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar

Landssamtökin Geðhjálp hörmuðu ákvörðun Reykjavíkurborgar um að leggja niður Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur og mannréttindaráð. Sú ákvörðun var tekin á sama tíma og Mannréttindastofnun Íslands tók til starfa og verulegar breytingar urðu á fyrirkomulagi réttindagæslu fatlaðs fólks. Að mati Geðhjálpar hefði Mannréttindaskrifstofan þurft að sinna málefnum jaðarsettra hópa betur en raun bar vitni. Niðurlagning hennar var hins vegar ekki rétta svarið.

Geðhjálp telur jafnframt að mannréttindaráðið hafi starfað of skamman tíma til að unnt væri að meta árangur þess með sanngjörnum hætti. Eðlilegra hefði verið að gefa því að minnsta kosti fjögur ár til að sanna gildi sitt.

Nú liggur fyrir nýtt fyrirkomulag þar sem notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð starfa á sameiginlegum vettvangi. Það kann að reynast vel en árangurinn mun fyrst og fremst ráðast af því hvernig til tekst við framkvæmdina og hversu mikið vægi sjónarmið ráðsins fá innan stjórnsýslu borgarinnar.

Geðhjálp leggur sérstaka áherslu á að fólk með lifaða reynslu hafi raunveruleg áhrif á störf ráðsins. Þátttaka þess má ekki verða formsatriði heldur þarf reynsla þess og þekking að hafa vægi við stefnumótun og ákvarðanatöku. Það er því jákvætt að gert sé ráð fyrir beinni aðkomu hagsmunasamtaka að ráðinu. Þá er mikilvægt að tryggja opið og virkt samráð og fagnar Geðhjálp ákvæði um að halda skuli að minnsta kosti einn opinn fund á ári.

Landssamtökin Geðhjálp munu leggja sitt af mörkum til að notendaráð fatlaðs fólks verði öflugur vettvangur samráðs og hafi raunveruleg áhrif á stefnu og þjónustu Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst fyrir hönd stjórnar,

Grímur Atlason framkvæmdastjóri

Forsætisnefnd

Reykjavík, 30. september 2026
MSS26080081

Ný samþykkt fyrir notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar

Á fundi öldungaráðs dags. 30. september var lögð fram samþykkt fyrir notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar.
Öldungaráð gerir engar athugasemdir við samþykktina.

Valgerður Jónsdóttir
Skrifstofa í málefnum fatlaðs fólks
Velferðarsvið - miðlæg skrifstofa

Afrit:
Samrit:
Hjálagt:

Reykjavík